

## Lengjubikarinn – Reglur

### 1. Hæfi

- a. Allir spilarar þurfa að vera félagsmenn í einu af aðildarfélögum ÍPS til að geta tekið þátt í Lengjubikarnum. Aðildarfélögin eru: Pílukastfélag Reykjavíkur (PFR), Pílufélag Reykjanesbæjar (PR), Píludeild Þórs (PFA), Pílufélag Grindavíkur (PG). Að vera félagsmaður þýðir að hafa greitt félagsgjald síns félags fyrir það ár sem Lengjubikarinn á sér stað.
- b. Allir spilarar sem taka þátt í Lengjubikarnum samþykkja að fara eftir regluverki ÍPS varðandi mót á vegum sambandsins.

### 2. Stigatafla

- a. Spilarar vinna sér inn stig í Lengjubikarnum og er stigagjöf háttað á eftirfarandi hátt:

1. sæti – 28 stig
2. sæti – 21 stig
- 3-4. sæti – 15 stig
- 5-8. sæti – 10 stig
- 9-16. sæti – 5 stig
17. og neðar – 3 stig

Stig þessi mynda **Stigalista Lengjubikarsins** en 4 efstu eftir mótaröðina vinna sér sæti í Lengjudeildinni sem hefst í október 2019.


### 3. Röðun

- a. Raðað er í Lengjubikarinn skv stigalista Lengjubikarsins. Undantekning á þessari reglu er fyrsta mótið en þar verður dregið blint. Ef tveir eða fleiri spilarar eru jafnir að stigum er farið eitt mót aftur í tímann og skoðað árangur í því móti þangað til að rétt röðun fæst. Ef leikmenn eru ennþá jafnir eftir að öll mót hafa verið skoðuð er farið eftir meðaltali úr seinasta stigamóti.
- b. Raðaðir spilarar eru í eftirfarandi röð:
  - i. Efri helmingur: 1-8-4-5
  - Neðri helmingur: 2-7-3-6

### 4. Fyrirkomulag

- a. Fyrirkomulag Lengjubikarsins er beinn útsláttur. Allir leikir eru einfaldur inn, tvöfaldur út 501, best af 7 leggjum og er ekki kynjaskipt. Sá spilari sem er fyrir ofan skal byrja að kasta í miðjuna til að ákvarða hvor byrjar leik. Þegar kastað er gildir einungis rauð og græn miðja. Spilari skal kasta einni pílu og taka hana úr spjaldinu áður en hinn spilarinn kastar sinni pílu. Ef pílan dettur úr spjaldinu telst hún ógild og má sami spilari kasta annarri pílu þangað til að ein píla telur. Ef báðir spilarar hitta í sama reit skulu þeir kasta aftur í öfugri röð.
- b. Öll mót í Lengjubikarnum skulu spilast á þann hátt að þeir spilarar sem tapa sínum leik skrifa næsta leik á sama spjaldi. ÍPS mun kappkosta við að hafa á staðnum skrifara til að skrifa fyrir spilara sem vilja ekki skrifa en kostnaður við að láta skrifa fyrir sig verður 1.000kr. fyrir hvern leik og þarf að greiðast til skrifara áður en hann byrjar að skrifa nema samkomulag sé á milli spilara og skrifara um greiðslu.

- c. Aftasti spilarí (merktur með rauðu x-i) í hverjum fjórðung skal skrifa fyrsta leik í fyrstu umferð, sjá mynd:



- d. Neiti spilarí að skrifa eða lætur sig hverfa áður en hann hefur lokið við skrift getur ÍPS bannað spilara að taka þátt í mótum á vegum sambandsins í framtíðinni. Allar ákvarðanir verða teknar fyrir á stjórnarfundum sambandsins og úrskurður gefinn út á heimasíðu sambandsins [www.dart.is](http://www.dart.is)